

Byggðasafn Dalamanna

Ársskýrsla 2010

Stjórn safnsins

Stjórn safnsins skipar Menningar- og ferðamálanefnd Dalabyggðar. Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga voru skipaðir nýir nefndarmenn. Herdís Erna Gunnarsdóttir kennari í Búðardal formaður, Halla Sigríður Steinólfsdóttir bóndi í Ytri-Fagradal, Íris Björg Guðbjartsdóttir skólaliði í Búðardal, Ólafur Skagfjörð Gunnarsson bóndi í Þurranesi og Jón Egill Jóhannsson bóndi á Skerðingsstöðum. Í varastjórn sitja Kolbrún Jónsdóttir Haukdal forstöðumaður á Fellsenda, Óskar Ingi Ingason prestur í Búðardal, Eyjólfur Ingvi Bjarnason nemi í Ásgarði, Rebecca C. K. Ostensfeld bóndi í Hólum og Freyja Ólafsdóttir kennari í Búðardal.

Starfsfólk og sjálfboðaliðar

Í árslok 2009 ákvað sveitarstjórn Dalabyggðar að ráða í starf safnastjóra sveitarfélagsins. Skyldi það starf vera samansett úr 50% starfi safnvarðar Byggðasafns Dalamanna, 25% starf héraðsskjalavarðar Héraðsskjalasafns Dalasýslu og 25% starfshlutfall fyrir sveitarfélagið, m.a. vefstjórn og útgáfumál. Fjórar umsóknir bárust og ráðin var Valdís Einarsdóttir, búfræðikandidat að mennt.

Með þessari ráðningu er því nú starfsmaður umfram sumaropnun, en frá 1998 hefur eingöngu verið ráðið yfir sumartímam. Áður gengdi Magnús Gestsson því starfi í sjálfboðavinnu allt frá upphafi safnsins sem rekja má allt til 1968. Hefur fastráðning safnvarðar gjörbreytt allri starfsemi safnsins og er þar með unnt að sinna innra starfi safnsins mun betur en áður var, auk þess að mögulegt er að gera áætlanir fram í tímann.

Í árslok tók eigandi safnsins, sveitarfélagið Dalabyggð, ákvörðun um áframhaldandi ráðningu safnvarðar í 50% starfi.

Stofnskrá

Stofnskrá safnsins var á margan hátt ófullnægjandi. Því var gerð ný stofnskrá frá grunni. Stjórn safnsins fór ítarlega yfir stofnskrána og samþykkti. Ný stofnskrá fékk síðan samþykki sveitarstjórnar Dalabyggðar, eiganda safnsins. Bíður stofnskráin nú samþykkis Safnaráðs. Fyrstu drög að nýrri söfnunar- og sýningarstefnu, auk safnastefnu voru og gerð.

Húsnæði

Aðstaða safnsins er lítið breytt og er eins og hún hefur verið síðastliðin 10-30 ár. Engar endurbætur áttu sér stað á húsnæðinu á árinu.

Þar sem vatnslagnir liggja í lofti safnsins, bæði heitt vatn og kalt var sett upp viðvörunarkerfi á safninu og vatnskynjurum komið fyrir um safnið. Er það til mikilla bóta ef um minni leka er að ræða, en ekkert verður þó að gert spryngi heitavatnsrör yfir safninu.

Safnkostur

Safninu bærust fáar nýjar gjafir á árinu. Búrkista og fleira frá Höskuldsstöðum í Laxárdal, lykhill sem fannst á Heinabergi á Skarðsströnd og fátt eitt annað. Gengið var frá gjöfum sem hafa borist safninu undanfarin ár og voru ekki komnar í aðfangaskrá.

Skráningar

Vegna tafa á gagnaflutningi milli útgáfna á Sarpí var ekkert nýskráð í Sarp, en búið var að skrá nær alla muni til ársins 2003 í Sarp. En nokkuð af munum fannst um safnið og í geymslum óskráðir í aðfangaskrá og úr því í samræmi við gögn sem þeim fylgdu.

Ljósmyndasafnið var skannað inn og skráningar yfirfarnar. Nokkuð fannst af óskráðum myndum. Enn eru myndir á safninu þar sem ekki hefur verið borin kennsl á fólk. Átak var gert í að finna út úr því, m.a. með því að birta myndirnar á Facebooksíðu safnsins og hefur óþekktu fólk nú fækkað eitthvað. Allar þær upplýsingar voru skráðar og tengsl viðkomandi við myndefnið.

Geymslur

Safnið hefur ekki haft nægjanlega geymslur til umráða, né nógu vel varðar. Tvær litlar kompur voru yfirfullar, lagnagangar inn af safni nýttir og nokkurt magn muna undir sviðinu á Íþróttahúsinu á staðnum. Á árinu náðist að ljúka fyrsta áfanga í að yfirfara þá muni sem voru í geymslum á safninu, rykhreinsa þá og ganga betur frá til geymslu. Er þá eftir að tæma lagnaganga af dóti óviðkomandi safninu og flytja muni undan sviði Íþróttahússins og skrá í aðfangaskrá. Eru það að stærstum hluta munir sem safninu bærust 2003 úr stóru einkasafni.

Vatnsviðvörðunar- og þjófavarnarkerfum var komið fyrir á safninu eins og fyrr er nefnt, en eftir er að yfirfara brunavarnir.

Lítill forvarsla var á safngripum. Nokkrum viðkvæmum gripum var þó komið fyrir á betur vörðum stöðum á safninu og nokkrum eldri bókum komið fyrir í Héraðsskjalasafni Dalasýslu yfir vetrarmánuðina.

Sýningar

Nokkrar lagfæringar voru gerðar á sýningum safnsins eftir því sem aðstæður leyfa. Svigrúm er ekki mikið til lagfæringa án þess að skipuleggja allt sýningarrými safnsins upp á nýtt. Fyrstu drög að því skipulagi voru gerð á árinu, en frekari útfærslur látnar bíða til næsta árs. En mikilvægt er að hægt sé áfallalaust að taka á móti hópum og bæta aðgengi og þjónustu við Ungmenna- og skólabúðirnar.

Byggðasafninu var falið að vinna að uppsetningu Skáldastofu í Leifsbúð í Búðardal. Þegar farið var að vinna úr þeim hugmyndum sem uppi voru kom fljótlega í ljós að þær gengu ekki upp, m.a. miðað við það fjármagn sem ætlað var til verkefnisins. Öll rannsóknar- og grunnvinna var einnig óunnin og hugmyndir hönnuðar að nýrri útfærslu gengu ekki upp í framkvæmd þegar á reyndi. Var að lokum ákveðið að hafa ljóðasýningu upp í 1-2 mánuði og hafinn vinna að safna upplýsingum um skáld Dalamanna á birtar að hluta á vef Byggðasafnsins. Var þeirri vinnu sem eftir stóð því beint í þá átt að safna upplýsingum um skáldin í samstarfi við Héraðsskjalasafnið og þróa verkefnið betur áður en til frekari framkvæmda kæmi þegar fjármagn og aðstaða gefst til.

Safnvörður aðstoðaði og Sigurð Þórólfsson hjá Sögufélagi Dalamanna í gagnasöfnun og uppsetningu lítillar sýningar í Skriðulandi um Surtarbrandsnámurnar á Tindum á Skarðsströnd.

Opnunartímar


Safnið var opið daglega 5. júní til 5. september 13-18. og síðan aukaopnun 28.-30. desember. Auk þess sem safnið var opnað eftir samkomulagi utan þess tíma.

Skólabúðirnar á Laugum höfðu síðan aðgang að safninu samkvæmt eldri samningum.

Aðsókn

Skráðir eru 597 gestir á árinu, flestir í sumaropnun. Því til viðbótar skráðu sig 428 í gestabók á vegum Ungmenna- og tómstundabúða UMFÍ, en nokkuð virðist enn skorta á að þar sé gætt nægjanlega að nemendur skrái sig.

Aðsóknin jókst nokkuð milli ára, en á langt í land með að vera viðunandi. Súluritið hér að neðan sýnir aðsókn að Byggðasafni Dalamanna frá árinu 1977 þegar það var fyrst opnað. Gestir á vegum Ungmenna- og skólabúðanna eru ekki meðtaldir, þar sem það skekkir samanburð, auk þess sem skráningum í gestabók er ábótavant.



Rannsóknir

Rannsóknir á vegum safnsins vörðuðu nær allar nánari upplýsingasöfnun um einstaka muni og bæt看 merkingar á þeim.

Þá voru nær allar ljósmyndir safnsins yfirfarnar og unnið að því að afla frekari upplýsinga um þær. Bæði voru gerðar leiðréttingar við fyrri upplýsingar og nýjar upplýsingar um áður óþekktar myndir.

Í tengslum við fyrirhugaða sýningu tengda skáldum í Dölum var lagst í nokkra heimildaöflun og gagnasöfnun varðandi skáld í Dölum frá landnámi. En mikil vinna er þó eftir þar að lútandi.

Í samstarfi við Sigurð Þórólfsson hjá Sögufélagi Dalamanna var lagst í allnokkra upplýsingaöflun varðandi vinnslu surtarbrands í Dölum. Úr þeim gögnum var síðan unnin sýning á vegum Sögufélagsins um surtarbrandsnámurnar á Tindum á Skarðsströnd.

Miðlun

Árið 2010 voru eingöngu fastasýningar hjá safninu. Sýningarrými safnsins er yfirfullt vegna skorts á geymslurými og því nauðsynlegt að koma þeim málum í lag áður en hægt verður að koma upp tímabundnum sérsýningum.

Eldri samningar við Ungmenna- og tómstundabúðirnar gerðu ekki ráð fyrir aðkomu safnvarðar að þeirri safnfræðslu og var hún alfarið í höndum starfsfólks búðanna. Auðurskóli hefur ekki enn sýnt því áhuga að nýta sér þjónustu safnsins til skólafræðslu.

Unnið var að endurbótum á vef safnsins en mikið verk er þar óunnið. Safnið stóð ekki fyrir neinum viðburðum á árinu, fyrirlesturum né nokkurri útgáfustarfsemi.

Mat á starfsemi

Ekki þóttu forsendur til að gera skipulagðar skriflegar skoðanakannanir á árinu. En þess gætt að gefa safngestum gott tækifæri til að tjá sig um safnið og sýningar þess. Meðal annars hvernig þeir skoðuðu safnið til og upplifðu einstaka hluta þess. Voru þær upplýsingar notaðar til að bæta sýningarnar eftir því sem unnt var og verða nýttar við áframhaldandi endurskipulagninu á sýningum safnsins. Fengust með þessu móti margar góðar og gagnlegar ábendingar um hluti sem hægt er leysa á einfaldan og ódýran hátt.

Samantekt

Þetta fyrsta ár í föstu starfi safnvarðar var mjög lærdómsríkt, en ekki síður annasamt. Unnið var samkvæmt starfsáætlun ársins og stóðst hún nokkuð. Sumt er enn ekki að fullu frágengið, annað gert sem var á áætlun næsta árs.

Mikið starf er enn óunnið á safninu og þykir stundum hægt ganga að komast yfir allt sem gera þarf. En þegar ekki er hægt að gera allt í einu snýst málið einfaldlega um að forgangsraða og nýta tímann vel. Með því móti má koma allnokkru í verk fyrir lítinn pening á þeim starfstíma sem safninu er ætlaður.



Dalabyggð

Byggðasafn Dalamanna

Laugum í Sælingsdal

Kennitala 600281-0549

Rekstrarreikningur 2010

Rekstrartekjur	2010	Hl. af tekjum
Aðgangseyrir	198.400	4,8%
Aðrar tekjur	148.500	3,6%
Safnasjóður rekstrarstyrkur	1.000.000	24,3%
Safnasjóður verkefnastykur	200.000	4,9%
Menningarráð Vesturlands	568.079	13,8%
Dalabyggð launastykur	1.847.535	44,9%
Dalabyggð húsnæðisstyrkur	150.000	3,6%
Tekjur samtals	4.112.514	100,0%

Rekstrargjöld		Hl. af gjöldum
Laun og launatengd gjöld	2.415.614	80,8%
Laun og launatengd gjöld samtals	2.415.614	80,8%

Sími, nettenging off.	49.307	1,6%
Sarpur	107.124	3,6%
Öryggiskerfi	148.234	5,0%
Tryggingar	2.623	0,1%
Auglýsingar	15.080	0,5%
Víðhald húsnæðis	100.416	3,4%
Rekstrargjöld samtals	422.784	14,1%

Húsnæðiskostnaður	150.000	5,0%
Gjöld samtals	2.988.378	100,0%

Rekstrarhagnaður (-táp) **1.124.136**